Árið 1996

# FLUGTÖLUR

**Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð**

## FLUGFLOTI




Í árslok 1996 voru 330 loftför skráð á Íslandi en 324 á sama tíma árið áður. Þetta er 2% fjölgun á milli ára. Skráð loftför hafa ekki verið fleiri sl. tíu ár.

Á árinu fjölgaði þungum flugvélum (yfir 5.700 kg) um fimm og svifflugum fjölgaði um tvær. Fjöldi léttra flugvéla stóð í stað en í þyrluflotanum fækkaði um eina vél.

Síðastliðinn áratug hefur íslenskum loftförum á skrá fjölgað að meðaltali um 1% á ári og meðaltalið sl. fimm ár er einnig það sama.

## SKÍRTEINI EINSTAKLINGA




Gild skírteini einstaklinga í árslok 1996 voru 2.031 en það er 6% fjölgun milli ára.

Fjölmennustu hópar skírteinishafa í lok ársins voru: Einkaflugmenn 544, atvinnuflugmenn 502, flugvéltæknar 258, flugnemar 105, flugkennarar 101, flugumferðarstjórar 94, flugvélstjórar 54, svifflugmenn 44 og flugumsjónarmenn 20. Í árslok voru 192 blindflugsáritanir í gildi.

Frá árinu 1995 til 1996 fjölgaði í eftirtöldum hópum: Flugnemar 31%, flugkennarar 10%, flugvéltæknar og flugvélstjórar 4%, atvinnuflugmenn 3% og flugumferðarstjórar 1%. Blindflugsáritunum fjölgaði um 4%.

Í eftirtöldum hópum varð hins vegar fækkun: Svifflugmenn 24%, flugumsjónarmenn 13% og einkaflugmenn 5%.

Síðastliðinn áratug hefur einstaklingsskírteinum í gildi fjölgað um 3% að meðaltali á ári og meðaltalið sl. fimm ár er einnig það sama.

## ÚTHAFSFLUGUMFERÐ




Árið 1996 fór 71.631 flugvél um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið eða 8% fleiri en árið áður. Herflug var 11% af heildarumferð og almannaflug 7%.

Síðasliðinn áratug hefur heildarumferðin um svæðið aukist um 2% á ári að meðaltali. Meðaltalsaukning sl. fimm ár er 3% á ári.

## FARÞEGAR INNANLANDS







Árið 1996 fóru alls 382.087 innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli. Fjölgunin er 1% frá árinu áður.

Árið 1996 fjölgaði farþegum á öllum stærri áætlunarflugvöllum, nema einum. Aukning varð á eftirtöldum flugvöllum: Hornafirði 12%, Ísafirði 6%, Vestmannaeyjum 5%, Egilsstöðum 3%, Reykjavík Akureyri 1% og Sauðárkróki 1%. Hins vegar fækkaði farþegum um 3% á Húsavík.

Heildarfjöldi innanlandsfarþega á áætlunarflugvöllum landsins hefur að meðaltali fjölgað um 3% á ári sl. fimm ár.

## FARÞEGAR MILLI LANDA







Árið 1996 fjölgaði millilandafarþegum á íslenskum áætlunarflugvöllum um 11% og voru þeir 1.048.837 talsins. Þar af voru 276.958 áningarfarþegar á Keflavíkurflugvelli.

Á árinu fjölgaði millilandafarþegum um 84% í Reykjavík og 10% í Keflavík en þeim fækkaði um 46% á Egilsstöðum og á Akureyri um 34%.

Síðastliðin fimm ár hefur heildarfjöldi farþega í millilandaflugi aukist um 10% ári að meðaltali.

## VÖRUR OG PÓSTUR INNANLANDS




Alls voru flutt 1.997 tonn af vörum og pósti í innanlandsflugi árið 1996, sem er 20% samdráttur miðað við árið áður. Vöruflutningar minnkuðu um 18% og póstur um 26%. Flutningar á vörum og pósti drógust saman á öllum flugvöllunum, nema í Vestmannaeyjum þar sem þeir stóðu í stað.

Samdrátturinn varð hlutfallslega mestur á Egilsstöðum eða 38%, 22% í Reykjavík og á Húsavík, 19% á Ísafirði, 17% á Akureyri, 12% á Hornafirði og 7% á Sauðárkróki. Heildarmagn af vörum og pósti í innanlandsflugi hefur að meðaltali dregist saman um 9% á ári sl. áratug en meðaltalssamdráttur sl. fimm ára er 10% á ári.

## VÖRUR OG PÓSTUR MILLI LANDA




Vöru- og póstflutningar í millilandaflugi um íslenska áætlunarflugvelli jukust um 23% árið 1996 og námu samtals 24.044 tonnum. Vöruflutningar jukust um 26% en póstflutningar drógust saman um 2%.

Árið 1996 jukust vöru- og póstflutningar í millilandaflugi á Reykjavíkurflugvelli um 173% og 21% aukning varð á Keflavíkurflugvelli.

Sl. fimm ár hefur flutningur á vörum og pósti í millilandaflugi aukist að meðaltali um 15% á ári.

## FLUGHREYFINGAR INNANLANDS




Í innanlandsflugi fækkaði flughreyfingum (flugtökum og lendingum) í áætlunar- og leiguflugi um 7% en þær voru 56.171 talsins, snertilendingar (æfingarlendingar) voru 55.777 en það er 12% fækkun frá árinu áður og hreyfingar í öðru flugi innanlands voru 45.112 eða 35% fleiri en árið 1995.

Árið 1996 fjölgaði flughreyfingum í innanlandsflugi á stærstu flugvöllum landsins sem hér segir: Akureyri 14%, Reykjavík 13%, Vestmannaeyjar 10% og Keflavík 2%. Flughreyfingar á Ísafirði stóðu í stað. Flughreyfingum fækkaði hins vegar um 6% á Sauðárkróki, 4% á Egilsstöðum og 2% á Húsavík.

Heildarfjöldi flughreyfinga á íslenskum áætlunarflugvöllum árið 1996 var 179.637, eða 1% fleiri en árið áður, þar af voru 157.060 í innanlandsflugi og 22.577 í millilandaflugi.

*1.tbl. 4. árg. Útgefið 28/05 1997.*
*Flugtölur koma út einu sinni fyrir árið 1996.*

FLUGMÁLASTJÓRN

*Prentað á umhverfisvænan pappír.*

# FLUGTÖLUR

## Flugflutningar • Flugfloti • Flugskírteini • Flugumferð



### Íslensk loftför á skrá 1987 - 1996

| Ár | Þungar flugvélar | Léttar flugvélar | Svifflugur | Þyrlur | Samtals | Breyting frá f.ári |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1987 | 16 | 234 | 24 | 3 | 277 | 11,2% |
| 1988 | 16 | 267 | 25 | 3 | 311 | 12,3% |
| 1989 | 16 | 279 | 24 | 4 | 323 | 3,9% |
| 1990 | 14 | 273 | 25 | 3 | 315 | -2,5% |
| 1991 | 18 | 273 | 24 | 5 | 320 | 1,6% |
| 1992 | 19 | 271 | 24 | 5 | 319 | -0,3% |
| 1993 | 24 | 264 | 26 | 5 | 319 | 0,0% |
| 1994 | 22 | 257 | 29 | 5 | 313 | -1,9% |
| 1995 | 30 | 259 | 29 | 6 | 324 | 3,5% |
| 1996 | 35 | 259 | 31 | 5 | 330 | 1,9% |

### Skírteini einstaklinga 1987 - 1996

| Ár | Útgefin | Endurnýjuð | Fjöldi skírteina | Breyting frá fyrra ári |
|---|---|---|---|---|
| 1987 | 317 | 727 | 1.494 | -3,0% |
| 1988 | 271 | 316 | 1.630 | 9,1% |
| 1989 | 311 | 360 | 1.649 | 1,2% |
| 1990 | 267 | 337 | 1.659 | 0,6% |
| 1991 | 232 | 423 | 1.642 | -1,0% |
| 1992 | 230 | 532 | 1.753 | 6,8% |
| 1993 | 256 | 155 | 1.920 | 9,5% |
| 1994 | 260 | 148 | 1.865 | -2,9% |
| 1995 | 267 | 309 | 1.910 | 2,4% |
| 1996 | 391 | 448 | 2.031 | 6,3% |

### Skírteini einstaklinga 1996

| Tegund skírteinis | Útgefin | Endurnýjuð | Í gildi | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnuflugmenn / flugvél | 38 | 27 | 228 | 4,1% | 11,2% |
| Atvinnuflugmenn / þyrla | 0 | 1 | 12 | -7,7% | 0,6% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ flugvél | 10 | 71 | 257 | 1,6% | 12,6% |
| Atvinnuflugmenn I fl./ þyrla | 1 | 0 | 5 | 25,0% | 0,2% |
| Blindflugsáritanir | 44 | 27 | 192 | 4,3% | 9,5% |
| Einkaflugmenn / flugvél | 65 | 148 | 541 | -4,9% | 26,6% |
| Einkaflugmenn / þyrla | 1 | 0 | 3 | 50,0% | 0,1% |
| Flugkennarar | 23 | 8 | 101 | 9,8% | 5,0% |
| Flugnemar | 107 | 11 | 105 | 31,3% | 5,2% |
| Flugumferðarstjórar | 7 | 22 | 94 | 1,1% | 4,6% |
| Flugumsjónarmenn | 3 | 1 | 20 | -13,0% | 1,0% |
| Flugvélstjórar | 3 | 2 | 54 | 3,8% | 2,7% |
| Flugvéltæknar | 14 | 50 | 258 | 3,6% | 12,7% |
| Fullgildingar | 73 | 64 | 117 | 515,8% | 5,8% |
| Svifflugmenn | 2 | 16 | 44 | -24,1% | 2,2% |
| | **391** | **448** | **2.031** | **6,3%** | **100,0%** |

### Umferð um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1987 - 1996

| Ár | Til/frá Íslandi | Yfirflug | Fjöldi ferða | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| 1987 | - | - | 53.113 | 2,5% |
| 1988 | - | - | 62.174 | 17,1% |
| 1989 | - | - | 66.929 | 7,6% |
| 1990 | - | - | 70.589 | 5,5% |
| 1991 | - | - | 64.660 | -8,4% |
| 1992 | - | - | 63.102 | -2,4% |
| 1993 | 18.142 | 46.813 | 64.955 | 2,9% |
| 1994 | 18.706 | 49.973 | 68.679 | 5,7% |
| 1995 | 20.940 | 45.352 | 66.292 | -3,5% |
| 1996 | 22.382 | 49.249 | 71.631 | 8,1% |

### Skipting umferðar um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið 1992 - 1996

| Ár | Atvinnuflug | Almannaflug | Herflug | Samtals | Hlutfall herflugs |
|---|---|---|---|---|---|
| 1992*) | 54.940 | | 8.162 | 63.102 | 13% |
| 1993*) | 57.769 | | 7.186 | 64.955 | 11% |
| 1994 | 57.160 | 5.086 | 6.433 | 68.679 | 9% |
| 1995 | 54.338 | 5.130 | 6.824 | 66.292 | 10% |
| 1996 | 58.824 | 5.191 | 7.616 | 71.631 | 11% |

**) Atvinnuflug og almannaflug ekki sundurliðað.*

### Innanlandsfarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1996 *)

| Flugvöllur | Farþegafjöldi | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 351.429 | 0,9% | 46,0% |
| Akureyri | 137.842 | 0,8% | 18,0% |
| Vestmannaeyjar | 79.406 | 5,1% | 10,4% |
| Egilsstaðir | 54.105 | 2,8% | 7,1% |
| Ísafjörður | 58.841 | 6,1% | 7,7% |
| Hornafjörður | 17.653 | 12,0% | 2,3% |
| Húsavík | 14.422 | -2,8% | 1,9% |
| Sauðárkrókur | 11.610 | 0,6% | 1,5% |
| Aðrir flugvellir | 38.867 | -11,3% | 5,1% |
| | **764.175** | **1,3%** | **100,0%** |

**) Hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu, en 23.569 áningarfarþegar eru ekki taldir með.*

### Millilandafarþegar um íslenska áætlunarflugvelli 1996

| Flugvöllur | Brottfarar-/komufarþ. | Áningar-/skiptifarþegar | Samtals | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 745.798 | 276.958 | 1.022.756 | 10,4% | 97,5% |
| Reykjavík **) | 20.814 | 0 | 20.814 | 83,9% | 2,0% |
| Akureyri | 4.760 | 0 | 4.760 | -34,0% | 0,5% |
| Egilsstaðir | 363 | 144 | 507 | -46,2% | 0,0% |
| | **771.735** | **277.102** | **1.048.837** | **10,9%** | **100,0%** |

***) Fjöldi farþega árið 1995 hefur verið leiðréttur frá Flugtölum fyrra árs.*

### Vöru- og póstflutningar innanlands um íslenska áætlunarflugvelli 1996 ***)

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 1.242,3 | 325,1 | 1.567,3 | -21,9% | 39,3% |
| Akureyri | 603,6 | 134,3 | 737,9 | -17,2% | 18,5% |
| Egilsstaðir | 248,6 | 27,6 | 276,1 | -37,6% | 6,9% |
| Ísafjörður | 170,9 | 166,5 | 337,5 | -18,8% | 8,4% |
| Vestmannaeyjar | 151,5 | 29,8 | 181,3 | 0,3% | 4,5% |
| Sauðárkrókur | 151,5 | 0,0 | 151,5 | -6,9% | 3,8% |
| Hornafjörður | 87,6 | 15,6 | 103,1 | -12,1% | 2,6% |
| Húsavík | 39,2 | 0,0 | 39,2 | -21,7% | 1,0% |
| Aðrir flugvellir | 408,3 | 191,4 | 599,7 | -18,0% | 15,0% |
| | **3.103,4** | **890,2** | **3.993,6** | **-20,1%** | **100,0%** |

****) Vörur og póstur eru tvítalin, þ.e. bæði við brottför og komu.*

### Vöru- og póstflutningar milli landa um íslenska áætlunarflugvelli 1996

| Flugvöllur | Vörur / Tonn | Póstur / Tonn | Samtals / Tonn | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 21.244,2 | 2.041,0 | 23.285,3 | 20,6% | 96,8% |
| Reykjavík | 752,6 | 6,2 | 758,8 | 173,6% | 3,2% |
| | **21.996,9** | **2.047,2** | **24.044,2** | **22,8%** | **100,0%** |

### Flughreyfingar innanlands á íslenskum áætlunarflugvöllum 1996

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Snertilendingar | Samtals | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík ****) | 17.498 | 27.811 | 35.346 | 80.655 | 12,8% | 51,4% |
| Akureyri | 7.856 | 4.030 | 1.403 | 13.289 | 13,8% | 8,5% |
| Vestmannaeyjar | 12.734 | 2.007 | 97 | 14.838 | 9,9% | 9,4% |
| Egilsstaðir ****) | 3.287 | 950 | 325 | 4.562 | -3,9% | 2,9% |
| Ísafjörður | 2.838 | 1.050 | 137 | 4.025 | -0,1% | 2,6% |
| Hornafjörður | 1.418 | 490 | 15 | 1.923 | 1,2% | 1,2% |
| Húsavík | 1.278 | 182 | 72 | 1.532 | -2,1% | 1,0% |
| Sauðárkrókur | 1.206 | 342 | 27 | 1.575 | -6,4% | 1,0% |
| Keflavík | 352 | 6.751 | 18.078 | 25.181 | 2,2% | 16,0% |
| Aðrir flugvellir | 7.704 | 1.499 | 277 | 9.480 | -8,3% | 6,0% |
| | **56.171** | **45.112** | **55.777** | **157.060** | **7,9%** | **100,0%** |

### Flughreyfingar milli landa á íslenskum áætlunarflugvöllum 1996

| Flugvöllur | Áætlunar-/leiguflug | Annað flug | Samtals | Breyting 96/95 | Hlutdeild |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 11.881 | 6.739 | 18.620 | 8,6% | 82,5% |
| Reykjavík ****) | 1.314 | 2.262 | 3.576 | -1,8% | 15,8% |
| Akureyri | 340 | 0 | 340 | 2,1% | 1,5% |
| Egilsstaðir ****) | 21 | 20 | 41 | 2,5% | 0,2% |
| | **13.556** | **9.021** | **22.577** | **6,7%** | **100,0%** |

*****) Fjöldi flughreyfinga árið 1995 hefur verið leiðréttur frá Flugtölum fyrra árs.*

*Umsjón: Gunnar Þorsteinsson - Tölfræði: Óskar Tryggvi Svavarsson - Ljósmynd: Boeing - Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.*